

Ólafur Ragnar notar ESB-málið til að hjóla í Jóhönnu Sigurðardóttur

Eftir Björn Bjarnason

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, kýs að demba sér beint inn í umræðunar um ESB-aðildarviðræðunar í viðtali við Fréttablaðið laugardaginn 26. maí. Höfuðáróðursefni þeirra sem berjast fyrir aðild er að þjóðin eigi síðasta orðið, það fái hún hins vegar ekki fyrr en samið hafi verið við ESB. Ekki hafa þó enn verið kynnt nein samningsmarkmið í mikilvægustu þáttum ESB-viðræðnanna um landbúnaðarmál og sjávarútvegsmál. Engu er líkara en markmið samninganna sé aukaatriði, mestu skipti að einhver sameiginleg niðurstaða verði kynnt svo að um hana megi greiða atkvæði.

Þessi kenning um nauðsyn samnings til að bera undir atkvæði þjóðarinnar er brotgjörn þegar að er gáð. Í hinu orðinu segja þeir sem hana hafa smíðað að ESB-umsóknin frá 16. júlí 2009 snúist ekki endilega um að ná samningi heldur um að „kíkja í pakkann“ frá ESB. Sjá hvað er í boði. Látið er í veðri vaka að Íslendingar verði til dæmis ekki að afhenda ESB yfirráð yfir 200 mílunum til að fá að „kíkja í pakkann“.

Það er til þessa almenna tvískinnungs málsvara ESB-umsóknarinnar sem Ólafur Ragnar skírskotar í viðtalinu við Fréttablaðið þegar hann gefur til kynna að ekki sé unnt að treysta Jóhönnu Sigurðardóttur og ríkisstjórn hennar til að virða niðurstöðu gegn ESB-aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu, Jóhanna vilji aðeins að hún sé ráðgefandi fyrir sig en ekki bindnandi. Ólafur Ragnar segist ætla að sjá þess að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar bindi hendur ríkisstjórnarinnar.

Hann nefnir sem dæmi máli sínu til stuðnings að Jóhanna Sigurðardóttir hafi í allan vetur hvað eftir sagt að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá samhliða forsetakosningunum 30. júní 2012. Allir viti að það verði ekki, með öðrum orðum allir viti að ekkert sé að marka Jóhönnu þegar hún tali um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Fyrir Ólafi Ragnari vakir tvennt með þessum málflutningi. Í fyrsta lagi að höfða til þess meirihluta þjóðarinnar sem hafnar aðild að Evrópusambandinu. Í öðru lagi að gera lítið úr Jóhönnu Sigurðardóttur og rökstyðja réttmæti þeirrar kenningar sinnar að seta hans á Bessastöðum skapi festu fyrir almenning í landinu andspænis stjórnleysi við Lækjartorg og Austurvöll undir forsæti Jóhönnu.

Ólafur Ragnar lætur ekki við þetta eitt sitja í viðtalinu við Fréttablaðið. Hann segir einnig að alþingi ætli að efna til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu í haust um stjórnarskrána en síðan eigi þingið að ákveða efni stjórnarskrárinnar. Þá segir orðrét: „Þótt stjórnarskráin sé grundvöllur lýðveldisins ætlar þingið samt sem áður bara að hafa ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Þarna sannar Ólafur Ragnar enn einu sinni að hann kann fótum sínum ekki alltaf forráð. Alþingi er stjórnarskrárgjafi samkvæmt stjórnarskránni og getur ekki að óbreyttri stjórnarskrá fært vald sitt í því efni til þjóðarinnar. Eða gefur Ólafur Ragnar til kynna að hann ætli að neita að rita undir breytingar alþingis á stjórnlögunum verði þær gerðar?